



Bogfiminámskeið í Mývatnssveit.

Staðsetning: Íþróttahöllin í Mývatnssveit.

Verð: 9.000 kr.

Tími: Laugardagurinn 30. nóvember kl. 14:00 – 18:30.

Byrjendanámskeið í bogfimi. Farið verður í grunnþætti bogfimiíþróttarinnar ásamt öryggis- og keppnisreglum. Þátttakendur fá þjálfun í tæknilegum atriðum og sett verður upp lítil keppni í lok námskeiðsins. Allur búnaður er til staðar og gott er að mæta í aðsniðinni flík á efri bók til að koma í veg fyrir að bogastrengurinn sláist utan í fötin. Óþarfi er að mæta með epli!

Kennari: Guðmundur Smári Gunnarsson.



Skráningar fara fram hjá Þekkingarneti Þingeyinga; hac.is og í síma 464 5100.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

45. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 27. nóv. 2013

Afmælisbörn dagana 28. nóv. — 4. des. 2013

29. Einar Eyþórsson.
30. Hrefna Sigurgeirsdóttir, Jón Arnar Ómarsson.
 1. Davíð Örvar Hansson.
 3. Þorgerður Egilsdóttir.
 4. Adolfo Garcia Avila.

Sameiginlegt aðventukvöld

**Reykjahlíðarsóknar og Skútustaðasóknar
verður í Skútustaðakirkju n.k. sunnudag 1. desember,
á fyrsta sunnudag í aðventu og hefst kl. 20:00.**

Sameiginlegur kór Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju
syngja jólalög undir stjórn Jaan Alavere.
Auk þess verður kveikt á aðventukertinu fyrsta,
jólahugleiðing flutt og jólasaga lesin.

Verið velkomin og njótið vel.
Sr.Örnólfur.

Til sölu

Subaru Legacy, árgerð 1997. ekinn 226.000.
Sími 699 4595, Jón Árni.

Jólamarkaður – viltu taka þátt?

Jólamarkaðsdagar verða haldnir í:
Dimmuborgum 30. nóvember frá kl. 16:00 - 20:00 (utandyra/í tjaldi)
og í Jarðböðunum við Mývatn 14. desember frá kl. 12:00 - 18:00.
Leiga á borði kr. 4.500,-

Skráning og nánari upplýsingar hjá Mývatnsstofu, Guðrún Brynleifsd.
Sími: 464 4390 / 898 9820 eða sendið póst á gudrun@visitmyvatn.is

Markaðsdagarnir verða í tengslum við Aðventuhátíð
og jólabað Jólasveinanna í Dimmuborgum.

Mývatnssveit töfraland jólaanna



Samverustund á Þorlákssmessu!

Eftir magnaða samverustund í Reykjahlíðarkirkju á Þorlákssmessu í fyrra, hefur verið ákveðið að blása til sambærilegrar stundar 23. desember næstkomandi.

Eins og síðast verður dagskráin samsett af listafólki úr okkar ágætu heimabyggð.

Því eru áhugasamir beðnir um að hafa samband við Stefán Jak í síma: 869 4617 eða senda upplýsingar um atriði á stebbjak@gmail.com.

Athugið að atriðin þurfa ekki að einskorðast við tónlistarflutning. Ljód, sögur, stuttir leikþættir eða hvað sem talið er raunhæft og viðeigandi fyrir slíka stund er vel þegið.

Tilgangur samverustundarinnar er að virkja menningu í heimabyggð, láta gott af sér leiða og hafa það huggulegt.

Eins og síðast mun vera söfnunarkassi þar sem tekið er við frjálsum framlögum og verðugt málefni styrkt.

Nánari upplýsingar um tímasetningu og styrktarmálefni verður auglýst þegar nær dregur.

Við miðum við að 10. desember sé loka skráningardagur atriða.

Það er þó ekki alveg heilagt ef einhverjir eru óákveðnir.

Fyrir hönd skipulagsnefndar:
Stefán og Ottó Páll.

MÝVATN



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

62. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 28. nóv. 2013, kl 10:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2014.
3. Fjárhagsáætlun 2014, síðari umræða.
4. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2015-2017, fyrri umræða.
5. Tillaga að verndar og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall (Hverfell).
6. Fundargerð félags- og menningarmálanefndar dags. 19. nóv.
7. Menningarstefna Skútustaðahrepps.
8. Fundargerð Aðalfundar leigufélags Hvamms dags. 18. sept.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðisnefndar N.e dags. 6. nóv.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 13. nóv.



Laust starf í Reykjahlíðarskóla

Laust er til umsóknar starf skólaliða í Reykjahlíðarskóla.

Skólaliðar sjá einnig um húsvörslu.

Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að hefja störf 2. janúar 2014.

Upplýsingar um starfið veitir skólastjóri.

Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Umsóknarfrestur er til 5. desember.

Skila þarf umsóknum á skrifstofu Skútustaðahrepps

eða á netfangið grskut@ismennt.is.

Sólveig Jónsdóttir
Skólastjóri Reykjahlíðarskóla
Sími: 464 4375.



Jólin koma í Hótel Reykjavíð.

Við í Hótel Reykjavíð erum komin í jólaskepp,
jólaskreytingarnar að koma upp og búið að setja saman
Jóladiskinn 2013 í Kaffi Reykjavíð.
Tilvalið að líta inn hjá okkur og ylja sér í skammdeginu.
Veitingasalan opin alla daga frá kl. 11:20 til 21:00 til 20 desember.

Verið ávallt velkomin til okkar
Starfsfólkið í Hótel Reykjavíð

Jólasmiðja - Mývatnssveit

Hugguleg jólastund á aðventunni

Fáum hugmyndir um hvernig leggja má á jólalegt
hátíðarborð með fallegum skreytingum og hvernig má gera
jólapakann aðeins flottari. Velkomið er að koma með skraut, vasa,
kerti, kökudiska eða það sem ykkur dettur í hug og viljið nota til að
setja saman fallega jólaskeppingu. Eitthvað af efni verður til sölu á
staðnum.

Leiðbeinandi er Emilía Aðalsteinsdóttir (Milla).

**Skráning í síma 4645100 og hægt er að senda póst
á netfangið hac@hac.is**

Endilega kíkjið og njótu aðventunnar saman.

Kaffi og konfekt í boði hússins.



Staður: Sel hótél.

Tími: 9. desember frá 19:30 - 22:00

Efnisgjald: 2000



Þekkingarnet
Þ i n g e y i n g a

Aðventuhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum.

Aðventuhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum
verður laugardaginn 30. nóvember kl. 16:00 - 20:00.

Jólasveinarnir í Dimmuborgum verða í fullu fjöri að undirbúa sig fyrir jólin.
Það verður mikil gleði þar sem að jólasveinarnir taka á móti gestum,
spjalla, syngja og segja sögur.

Markaðstjald verður á bílastæðinu í Dimmuborgum þar sem seldar
verða hinar ýmsu vörur sem henta vel í jólapakkann.

Gestir geta svo keypt sér heitt kakó, kjötsúpu og fleira girnilegt.

Boðið verður upp á leynitónleika Inspired by Iceland kl. 18:00.

Grýlusjóður verður á sínum stað þar sem gestir eldri en 18 ára greiða 1.000 kr.

Það verður sannkölluð aðventustemning í Dimmuborgum um helgina.

Nánari upplýsingar á www.visitmyvatn.is



Mývatnssveit töfraland jólanna




Íbúafundur

í Sjólbrekku 5. des. kl. 20:00.

Nánar auglýst
í næstu Mýflugu.

Nefndin.



Fræðsluerindi á vegum foreldrafélagsins.

Þriðjudaginn 3. desember kl. 17:00 verður í Reykjavíðarskóla
fræðsluerindi og umræður um uppeldi og agamál.
Árný Þóra Ármannsdóttir námsráðgjafi verður með erindi.

Vonumst til að sjá sem flesta foreldra og forráðamenn.
Allir velkomnir.

Foreldrafélag skólanna í Mývatnssveit.

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

61. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 14. nóv. 2013, kl 9:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. okt. liður 7, var frestað á síðasta fundi.
3. Deiliskipulag, stækkun Kröfluvirkjunar.
4. Fjárhagsáætlun 2014, fyrri umræða.
5. Fulltrúaráð Eyþings, skipan varafulltrúa.
6. Gjaldskrá ÍMS.
7. Tillaga að verndar og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall (Hverfell).
8. Snorraverkefnið, styrkbeiðni.
9. Stígamót, styrkbeiðni.
10. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Ne. 2014.
11. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 11. nóv.

Til kynningar:

Bréf Landsvirkjunar dags. 10. okt.

Fundargerð stjórnar Eyþings dags. 24. okt.

Fundargerðir heilbrigðisnefndar Hne. dags. 4 og 11. sept. og 2. okt.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Pétur Snæbjörnsson, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 11, yrði bætt á dagskrána.
Samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. okt. liður 7, var frestað á síðasta fundi.
Í 7. lið fundargerðarinnar er tekið fyrir að nýju, deiliskipulag vegna stækkunar Kröfluvirkjunar en málið var áður á dagskrá á fundi nefndarinnar 17. sept. s.l. Deiliskipulagstillagan var auglýst frá og með 2. apríl til og með 14. maí 2013 en sveitarstjórn framlengdi athugasemdafrest til 20. júní. Athugasemdir bárust frá Landeigendum Reykjahlíðar ehf., Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Landvernd og Framtíðarlandinu.

7. Skútustaðagígur. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Skútustaðagíga, unnin af Ómari Ívarssyni, Landslagi ehf. f.h. Umhverfisstofnunar. Erindið var áður á dagskrá á 30. fundi skipulags- og umhverfisnefndar 15. ágúst s.l. f.h. Umhverfisstofnunar
Deiliskipulagstillagan nær til Skútustaðagíga og næsta nágrennis og afmarkast af friðlýstu svæði Skútustaðagíga.

Deiliskipulagslýsingin var kynnt eins og 3. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 27. júní til og með 17. júlí 2013. Umsagnir og athugasemdir bárust frá Birni og Gylfa Yngvasonum, landeigendum Skútustöðum 2, og hefur verið komið til móts við þær í skipulagsvinnunni.

Innkomin ný göng 30. október 2013.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna forsendur hennar og umhverfismat eins og 4. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2010 kveður á.

8. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar. Málið var síðast á dagskrá nefndarinnar á 31. fundi hennar 17. september s.l.

Innkomin ný endurskoðuð deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð þar sem brugðist hefur verið við sjónarmiðum nefndarinnar sem fram komu þegar tillagan var kynnt á síðasta fundi.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma sjónarmiðum nefndarinnar varðandi breytingar á tillögunni á framfæri við skipulagsráðgjafana. Breytt tillaga verði síðan lögð fyrir nefndina til umfjöllunar og samþykktar áður en hún verður kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2010 kveður á um.

9. Deiliskipulag vinnubúða Bjarnarflagsvirkjunar. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010 frá og með 27. september til og með 8. nóvember 2013. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir án athugasemda bárust frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki tillögu að deiliskipulagi vinnubúða Bjarnarflagsvirkjunar og jafnframt að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagsins eins og lög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

Pétur vék af fundi undir lið 1, og Guðrún María vék af fundi undir liðum 1 og 2.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Pétur Snæbjörnsson,

Friðrik K. Jakobsson.

Skipulags- og umhverfisnefnd ítrekar fyrri bókun nefndarinnar á 31. fundi hennar 17. september s.l. Auk þess telur nefndin að deiliskipulagið skuli einnig ná yfir núverandi íbúðarhús sem fyrirhugað er að breyta síðar í gistihús.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði samþykkt þegar gerðar hafa verið breytingar á henni í samræmis við stækkun á landnotkunarreit 325-O/V og fyrri samþykktir nefndarinnar. Einnig er lögð áhersla á að gerð verði nákvæm grein fyrir hæðarsetningum á landi og byggingum. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna lýsinguna eins og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Einnig verði honum falið að annast málsmeðferð vegna tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 123/2010 er varðar stækkun á landnotkunarreit 325-O/V.

4. Sel-Hótel Mývatn, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið er fyrir erindi dags 30. október 2010 frá Rúnari D. Bjarnasyni, Mannviti hf. f. h. Sel-Hótel Mývatn þar sem sótt er um heimild til deiliskipulagsgerðar skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 123/2010. Fyrirhugað deiliskipulag nær yfir landsvæði sem að mestu er í landi Skútustaða 2 en austurhluti þess er í eigu Skútustaða 3. Á deiliskipulagsreit eru innfærð mörk aðliggjandi deiliskipulags fyrir Skútustaðagíga. M.f. er tillöguuppráttur með greinargerð.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag eins og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 123/2010 kveður fyrir um. guna á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna, forsendur hennar og umhverfismat eins og 4. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2010 kveður á um. Nefndin bendir umsækjanda á að gera þurfi textabreytingu á aðalskipulagi sem auglýst verður samhliða deiliskipulaginu.

5. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Breyting á aðalskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er lítur að leiðréttingum á texta og augljósum villum. Breytingin er gerð til þess að koma í veg fyrir að orðalag skipulagsákvæða komi í veg fyrir eðlilega þróun byggðar og valdi óeðlilegum töfum við afgreiðslu einfaldra og sjálfsagðra mála. Breytingin hefur að því leyti jákvæð áhrif á samfélagið en engin á náttúruafar, þ.e. landslag, gróður og dýralíf.

6. Stöng 1, deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Stangar 1, sem skilgreint er sem 359-V á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Erindið var áður á dagskrá á 28. fundi nefndarinnar 27. maí s.l. Innkomin nýr deiliskipulagsuppráttur með greinargerð dags. 30. október 2013.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallið verði frá gerð sérstakrar lýsingar og kynningar eins og heimild er fyrir í 3. og 4. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn hún samþykki að deiliskipulagstillan verði auglýst og feli skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð eins og 1. mgr. 41gr. laga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Nefndin yfirfór athugasemdirnar og brást við þeim ef tilefni gaf til.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt en þó með þeim fyrirvörum að Landsvirkjun verði ekki veitt framkvæmda- eða byggingarleyfi nema hún sýni fram á að hún hafi yfir landréttindum að ráða með vísan í dóm Hæstaréttar í máli nr. 560/2009.

Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingaulltrúa verði falið að annast gildistöku deiliskipulagstillögunar sbr. lög nr. 123/2010, með fyrrgreindum fyrirvörum nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á sjöunda lið fundargerðarinnar, enda hefur ítarlega verið farið yfir allar athugasemdir og þeim verið svarað.

Undir þessum lið viku af fundi Guðrún María, Böðvar og Karl Emil. Sæti þeirra tóku Elín Steingrímsdóttir og Birgir Steingrímsson.

3. Deiliskipulag, stækkun Kröfluvirkjunar.

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi af stækkun Kröfluvirkjunar.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna með þeim fyrirvörum sem fram koma í bókun skipulags- og umhverfisnefndar um að Landsvirkjun verði ekki veitt framkvæmda- eða byggingarleyfi nema að fyrirtækið sýni fram á að það hafi yfir landréttindum að ráða með vísan í dóm Hæstaréttar í máli nr. 560/2009. Fyrrgreindir fyrirvarar verða settir inn í skipulagsskilmála deiliskipulagsins. Í framhaldi af því felur sveitarstjórn skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagstillögunar eins og skipulagslögn nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Undir þessum lið viku af fundi Guðrún María, Böðvar og Karl Emil. Sæti þeirra tóku Elín Steingrímsdóttir og Birgir Steingrímsson.

4. Fjárhagsáætlun 2014, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlunin rædd og vísað til síðari umræðu.

5. Fulltrúaráð Eyþings, skipan varafulltrúa.

Á aðalfundi Eyþings 27. og 28. sept. s.l. var samþykkt tillaga að breytingum á lögum félagsins sem felur m.a. í sér að komið verði á fót fulltrúaráði, sem ætlað er að verði stjórn til ráðgjafar í veigamiklum málum og að tryggja lýðræðislega aðkomu allra sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings. Í ráðinu sitja 20 fulltrúar kosnir af sveitarstjórnnum til tveggja ára í senn. Kjörgengir í fulltrúaráðið eru þeir sömu og kjörgengir eru á aðalfundi Eyþings. Aðalmenn í stjórn Eyþings eru sjálfkjörnir í fulltrúaráðið. Þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um skipan varafulltrúa í lögum félagsins óskar framkvæmdastjóri Eyþings eftir því að sveitarfélögin skipi varafulltrúa fyrir hvern skipaðan aðalfulltrúa. Varafulltrúi Dagbjartar Bjarnadóttur í fulltrúaráð Eyþings verður Böðvar Pétursson.

6. Gjaldskrá ÍMS.

Fyrir fundinum liggur eftirfarandi tillaga að hækkan á gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar.

Einstaklingsgjald	Gamla gjaldið	Breytt gjald
Fullorðnir	400 kr.	600 kr.
Börn	150 kr.	250 kr.

10 miða kort	2.800 kr.	4.500 kr.
30 miða kort	6.000 kr.	10.000 kr.

Börn

10 miða kort	1.100 kr.	2.000 kr.
30 miða kort	2.800 kr.	3.500 kr.

Þreksalur

Stakt skipti	800 kr.	1.000 kr.
10 miða kort	5.500 kr.	8.000 kr.

Óbreytt gjald verður á 5 vikna (kr. 6.000), 3ja mánaða (kr. 12.000) og árskortum (kr. 28.000,-).

Gjaldskráin hefur fengið umsögn hjá félags- og menningarmálanefnd sem gerir ekki athugasemdir.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

7. Tillaga að verndar og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall (Hverfell).

Með tölvupósti veur Umhverfisstofnun athygli sveitarstjórnar á að tillaga að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall er í kynningarferli, athugasemdafrestur er til og með 25. nóv. Í áætluninni er fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja. Hverfjall (Hverfell) var friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu þann 22. júní 2011. Í auglýsingunni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir svæðið. Sú vinna hófst á síðasta ári og í þeim vinnuhópi áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila auk fulltrúa Umhverfisstofnunar þ.e. Jóhann Kristjánsson, fulltrúi landeigenda í Vogum, Eyrún Björnsdóttir, fulltrúi Skútustaðahrepps og Bergþóra Kristjánisdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins.

8. Snorraverkefnið, styrkbeiðni.

Með bréfi er óskað eftir stuðningi sveitarfélagsins við Snorraverkefnið sumarið 2014. Verkefnið sem rekið er af Þjóðræknisfélagi Íslendinga og Norræna féluginu á Íslandi, lýtur að því að veita ungu fólki (18-28 ára) af íslenskum ættum í Norður-Ameríku tækifæri til að kynnast rötum sínum á Íslandi í 6 vikna sumarverkefni. Í bréfinu kemur fram að alls hafi 212 ungmenni tekið þátt frá upphafi og stefnt er að því að taka á móti 12-16 ungmennum næsta sumar. Lögð er áhersla á að ungmennin dvelji hjá ættingjum á landsbyggðinni, taki þar þátt í starfsþjálfun og kynnist samfélaginu. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

9. Stígamót, styrkbeiðni.

Erindi frá Stígamótum, beiðni um styrk. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

10. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Ne. 2014.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna áætlun sem gerir ráð fyrir 4.77% hækkun frá áætlun ársins 2013. Hlutur Skútustaðahrepps er því áætlaður kr. 2.042.393.-

11. Fundargerð skipulags- og umhverfisstofndar dags. 11. nóv.

1. Deiliskipulag Reykjahlíðar.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Reykjahlíðar. Skipulags- og umhverfisstofnd skipulags- og umhverfisstofnd samþykkti á fundi sínum 17. september s.l. að kynna tillögu að deiliskipulagi á almennum fundi eins og 4. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Fundurinn var haldinn 31. október í Reykjahlíðarskóla þar sem Anna Margrét Hauksdóttir skipulagsráðgjafi frá AVH kynnti tillöguna, forsendur hennar og umhverfismat. Nokkrar athugasemdir komu fram á fundinum.

Fyrir liggur nýr uppdráttur og endurskoðuð greinargerð dags 7. nóvember 2013 frá AVH. Uppdrátturinn vikur í nokkrum atriðum frá stefnu Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023.

Skipulags- og umhverfisstofnd itrekar fyrri athugasemdir um að hún samþykki ekki byggingarreiði F8 og S1. Nefndin gerir ekki að öðru leyti athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Reykjahlíðar en frestar afgreiðslu á henni í bili þar til fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún heimili að gerð verði tillaga að eftirfarandi breytingum á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til samræmis við tillöguna:

1. Þéttbýlismörk Reykjahlíðar verði færð til norðurs, að Flugvallarvegi.
2. Reitir E1, F2 og S 11 skv. tillögu að deiliskipulagi verði færðir inn á tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gerð lýsingar vegna fyrrgreindra breytinga á aðalskipulagi eins og. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2010 mælir fyrir um Pétur Snæbjörnsson vék af fundi nefndarinnar undir þessum lið.

2. Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskiplag.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf f.h. landeigenda. Erindið var áður á dagskrá skipulags- og umhverfisstofndar á 32. fundi hennar 7. október s.l. Innkomin ný gögn 30. október, tillaga að deiliskipulagi ásamt greinargerð.

Skipulags- og umhverfisstofnd telur að heppilegra hefði verið að færa þjónustumiðstöð fjær hverasvæðinu m.a. vegna hættu á að brennisteins- og hveragufur gætu valið tjóni á mannvirkjum og heilsu starfsfólks.

Nefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við tillöguna á þessu stigi en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna forsendur hennar og umhverfismat eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Vakin er athygli á því að að samhliða deiliskipulagi verða gerðar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, er varða nýtt ákvæði um verslunar og þjónustusvæði við Hveri.

3. Geiteyjarströnd, deiliskipulag. Deiliskiplagslýsing og breyting á aðalskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 29. október 2013 frá Agli Olgeirssyni, Mannviti ehf, f.h. landeiganda, þar sem lögð er fram tillaga að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem 352-O/V Einnig lög fram tillaga skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til stækkunar á landnotkunarreit 325-O/V. unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.